


Hafnarfjarðarkaupstaður
Pormóður Sveinsson
Strandgata 6
220 Hafnarfjörður

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	3.9.2020
Málsnr:	1909118
Bréfal:	512

Reykjavík, 27. ágúst 2020

Tilvísun: 201903008 / 3.2

Efni: Staðfesting á breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna stækkunar íbúðarbyggðar við Hlíðarbraut

Skipulagsstofnun hefur fengið til staðfestingar, sbr. erindi Hafnarfjarðarbæjar dags. 4. ágúst 2020, breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar þar sem svæði fyrir samfélagsþjónustu S20 er minnkað og íbúðarbyggð ÍB6 stækkuð. Um er að ræða lið í endurskipulagningu vannýttra svæða og þéttingu byggðar eins og segir í greinagerð skipulagstillögunnar.

Í lýsingu skipulagsbreytingarinnar (janúar 2019) kom fram að þrír skipulagskostir kæmu til greina á svæðinu þ.e. óbreytt bygging en breytt starfsemi, þrjár lóðir fyrir einbýlishús eða þrjár lóðir fyrir flutningshús. Fyrsti kosturinn felur í sér að svæðið verði áfram svæði fyrir samfélagsþjónustu. Í lýsingunni kom fram að áformuð aðalskipulagsbreyting fæli í sér að hluta S20 yrði breytt í íbúðarsvæði, án frekari skýringa á því hvers vegna öðrum valkostum væri hafnað.

Á auglýsingatíma aðalskipulagstillögunnar voru gerðar athugasemdir sem Hafnarfjarðarbær hefur svarað, sbr. umsögn dags. 25. júní 2020 og afrit af bréfi til athugasemdaraðila, dags. 31. júlí 2020. Flestar athugasemdir varða deiliskipulag íbúðarlóða en einnig bárust athugasemdir sem snúa að breyttri landnotkun, þ.e. að minnka svæði fyrir samfélagsþjónustu og stækka íbúðabyggð, m.a. frá leigutökum Lífsgæðaseturs St. Jó og Hollvínasamtökum. Bent er á að minnkun svæðis fyrir samfélagsþjónustu skerði möguleika á stækkun Lífsgæðaseturs til framtíðar og lagt til að kannaðir verði möguleikar á nýtingu lóðarinnar fyrir samfélagsþjónustu í anda Lífsgæðaseturs. Í svari Hafnarfjarðarbæjar kemur fram að fjármagni sem færi í samkeppni um uppbyggingu á svæðinu væri betur varið í endurbætur á húsinu (St. Jó) og lóðinni í kring. Að mati Skipulagsstofnunar hefur þessum aðilum ekki verið svarað með fullnægjandi hætti þ.e. með því að skýra grundvöll ákvörðunar um að breyta svæðinu í íbúðarbyggð með hliðsjón af mögulegri annarri nýtingu (óbreytt landnotkun) eða öðrum framtíðarmöguleikum.

Skipulagsstofnun mun staðfesta aðalskipulagsbreytinguna þegar athugasemdaraðilum hefur verið svarað með skýrari hætti. Senda þarf Skipulagsstofnun afrit af svari til athugasemdaraðila og upplýsingar um hvar og hvenær niðurstaða bæjarstjórnar var auglýst, sbr. 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga.


Birna Björk Arnadóttir